

c. Skyld er að uppfæra nafnaskrána eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

7. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 2. mgr. 28. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77 23. maí 2000, sbr. 8. gr. laga nr. 90/2001.

8. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 5. janúar 2005.

Davíð Oddsson.

Hallgrímur Snorrason.

GJALDSKRÁ

fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Borgarbyggð.

1. gr.

Bæjarsjóður Borgarbyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Borgarbyggð og hreinsun rotþróa í Borgarbyggð skv. gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 234/2002 um fráveitur í Borgarbyggð.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

	kr.
Fyrir einbýlishús	35.000 á hvert hús.
Fyrir fjölbýlishús	11.750 á hverja íbúð.
Fyrir annað húsnæði	50 á hvern m ³ í húsnæðinu að 4000 m ³ 12 á hvern m ³ >4000 m ³

Ef um tvöfalt frárennisliskerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,18% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi fyrir hverja losun fyrir sig:

	Stærð í m ³	Rotþróargjald í kr.
Rotþró	0 - 2.000	9.500
Rotþró	2.000 - 3.000	11.200
Rotþró	3.000 - 4.000	13.700
Rotþró	4.000 - 6.000	15.300
Rotþró	6.000 - 8.000	17.600
Rotþró	8.000 - 10.000	21.200
Rotþró	> 10.000	2.400 pr. umframrúmmetra.

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra.
Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 1.750.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti- og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Borgarnesi, 2. janúar 2005.

Páll S. Brynjarsson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 2/2005 um reikning fyrninga og vaxta vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 50. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirfarandi reglur skuli gilda gjaldárið 2005 við útreikning frádráttarbærs hluta leigugreiðslna vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn að undanskildum leigubifreiðum:

1. Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigufyrirtækis) á viðkomandi bifreið að frádregnum áður fengnum fyrningum.
2. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 2004 telst 20% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. tölul. hér að framan, að viðbættum 8,3% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 2004. Vextir reiknast af fyrningargrunni.
3. Fyrning skv. 2. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 2004 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

Reykjavík, 7. janúar 2005.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.